

## Fundagerð

Mætt: Reynir, Jónatan, Einar og Auður. Snorri boðaði forföll.

1. Fundagerð síðasta fundar samþykkt.

2. Ársreikningur: sjá viðhengi.

Tekjur ársins 2017 voru 13,8 millj. en 10,3 millj. árið á undan eða um 34% aukning á milli ára.

Hagnaður ársins var 4,85 millj. á móti 12,52 millj. árið á undan.

Mikill hagnaður árið 2016 var vegna þess að bakfærðar voru skuldbindingar sem áður voru í gjaldaliðum en komu þá inn sem tekjur.

Gjaldfærður kostnaður var 6,58 millj. en heildar framkvæmdakostnaður var 8,05 millj.

Eignaliður: Áttum birgðir í árslok, 39.000 plöntur sem notast upp í selda kolefnisjöfnun í ár. Viðskiptakröfur upp á 8,8 millj. en tekjur 13,8 millj. Innheimtur: gæti þurft að herða aðgerðir til innheimtu. Kolviður leggur út í ákveðnar skuldbindingar þegar er gróðursett sem þarf að vera til peningur fyrir. Útlagður kostnaður var raunverulega um 8 millj. Fundakostnaður 2017 er m.a. vegna þátttöku í ársfundi Skógræktarfélag Íslands (SÍ). Skuldbindingar eru upp á 5 millj. í árslok, til íplöntunar, áburðar og vörslu. Þurfum að setja út 100 þús. plöntur 2018. Fjárhagsstaða 2018 lítur út fyrir að verða góð og um 45% aukning í sölu kolefnisjöfnunar nú þegar.

Athugasemd við uppgjör: Jónatan: lítur mjög vel út!

2a. Gengur hægt að gróðursetja hjá SÍ. Sjálfboðaliðum verður fjölgað á árinu 2018 en það vantar fólk sem getur stýrt gróðursetningunni.

2b. Vantar plöntur fyrir næsta ár. Þurfum að miða við haustgróðusetningu það sem vantar upp á og versla þær næsta vor. Panta plöntur fyrir 2020 strax? Vantar líka land, þarf að gera skurk í því.

3. Bókhald.

Komið er að því að skilja á milli bókhalds og fjármála SÍ og Kolviðar. Rennur of mikið saman. Bókhaldskostnaður hjá KMPG svipaður og það sem nú er verið að greiða. Ákveðið að fara í könnun á því að úthýsa bókhaldinu. Borgum mjög mikið fyrir leiðréttingar v/bókhalds til KPMG og gæti því verið fjárhagslegur ávinningur af úthýsingu.

Aths. frá stjórnarformanni Kolviðar: Landvernd hefur ekki lagt inn vinnu eins og SÍ í Kolvið en Kolviður farin að greiða SÍ núna fyrir vinnu.

4. Stefnumótun

Stefnumótunarfundur stjórnar í lok september (21. september) til að klára stefnuskjal. Ræða við Snorra um hvort það hentar.

5. Frágengið. SÍ samdi við Skálholt að Kolviður má fá allt að 200 ha. Þarf að taka út landið til að sjá hvað það er mikið sem raunverulega er til ræktunar. Eitthvað af þessu er mýrlendi sem ekki er fýsilegt rækta skóg á. Þarf að taka út hversum mikið er til raunverulegra afnota.

Samningar við Sí um verktakastarfssemi þurfa að fara í gang. Það þarf að fara í jarðvinnu á þurrlendi á Skálholtslandinu.

6a. Klappir. Samstarfssamningur um gagnkvæma kynningu Kolviðar og Klappa. Þurfum að ath. hvaða þóknun er eðlileg (nú talað um 5%) til Klappa.

6b. Kolviður mun kolefnisjafna Skálholtsstað þeim að kostnaðarlausu. Eru nú þegar með 100 ha. skóg sem þarf að sinna. Frumkvöðlar Circular solution taka út losun frá Skálholtsstað.

6c Ath. Sölufélag garðyrkjumanna er byrjað að selja með merki Kolviðar án þess að gengið hafið verið frá samningum. Reynir talar við þau.

## 7. Lönd til plöntunar

Mosfellsheiði og ath. fyrir norðan. t.d. Eyjafjarðarsveit. Ath. Seðlabankann.

## 8. Samstarf á Norðurlandi

Bakki í Norðurþingi sem þurfa mikla jöfnun. Samstarf við Skógræktarfélag Eyjafjarðar kannski ekki vænlegt til árangurs.

Ath. Akureyri t.d. samstarf við Brynhildi Björns og fyrirtæki á svæðinu Bíða aðeins með Akureyri, heyra í Eyjafjarðarsveit.

10. Ársfundur. Gera eitthvað sem getur vakið athygli, ársfundur í október.

Næsti fundur er 21. sept þar sem farið verður yfir stefnumótunarskjalið og stuttur stjórnarfundur líka.